



P.2-5: Population census.

P.6: Housing census.

# Manntal á Íslandi 1. desember 1960.

Samkvæmt lögum frá 18. maí 1920 er hverjum húsráðanda skylt að láta teljaranum í té alla þá aðstoð, sem hann getur, við framkvæmd manntalsins, og sama gildir um forstöðumenn safnheimila. Þá er og hver maður skyldur til að gefa fullnægjandi skýrslu um sjálfan sig og hagi sína til afnota við manntalið.

Upplýsingar þær, sem teknar eru á skýrslu, verða aðeins notaðar til hagskýrslugerðar.

## Almennar reglur um útfyllingu skýrslunnar.

- Gera skal skýrslu um öll hús, sem eru notuð til íbúðar, hvort sem nokkur maður dvaldi þar hinn 1. desember eða ekki, og auk þess um alla mannabústaði, sem fólk bjó í 1. desember, þótt þeir hafi ekki verið ætlaðir til íbúðar við byggingu þeirra. Hver teljari skal töluasetja skýrslur sínar í framhaldandi röð (1, 2 o. s. frv.) í því rúmi, sem til þess er ætlað á þessari blaðsíðu, þannig að hvert hús hafi sitt eigið númer. Ef gera þarf fleiri en eina skýrslu um eitthvert hús eða bústað, skal sama númer vera á öllum skýrslunum, en jafnframt skal gefa þeim undirnúmer (1, 2 o. s. frv.), auk aðalnúmersins. — Áriðandi er, að allir einstaklingar í sömu íbúð séu taldir á einni og sömu skýrslu, þegar gera þarf fleiri en eina skýrslu um húsið.
- Einnig skal gera skýrslu um öll íslensk farskip og botnvörpuskip, hvar sem þau eru hinn 1. des. 1960.
- Manntalseyðublaðið skal útfyllt hinn 1. des. 1960. Á það skal skrá alla, sem dvöldust í viðkomandi húsi, gistihúsi, stofnun, skipi o. s. frv. aðfaranótt 1. des., hvort sem þeir eiga þar lögheimili eða ekki (undantekningar: sjá reglur nr. 7 og 8). Sömu leiðis skal skrá alla, sem eiga lögheimili á viðkomandi stað 1. desember 1960, en eru fjarverandi (sjá nánar um lögheimili í teljaraleiðbeiningum).
- Allir Íslendingar við nám erlendis skulu teknir á manntal, hvort sem þeir telja sig heimilisfasta á Íslandi eða ekki.
- Þeir, sem deyja 1. des. 1960, skulu teknir á manntal, en börn, sem fæðast þann dag, skulu ekki tekin með. — Fólk, sem aðfaranótt 1. des. 1960 er t. d. á ferðalagi eða sjóróðri eða á öðrum stöðum, þar sem ekki fer fram manntalskráning, skal skráð í því húsi, sem það kemur fyrst í 1. desember eða síðar.
- Þegar um er að ræða safnheimili (t. d. vistheimili ýmiss konar, sjúkrahús, heimavistarskólar, gistihús, skip o. fl.) skal gera sérstaka skýrslu eða skýrslur fyrir hvert hús stofnunarinnar, og ef vistfólk og starfsfólk er í sama húsi, skal gera sérstaka skýrslu eða skýrslur um hvort um sig. Fólk, sem hefur íbúð fyrir sig, telst sér, svo sem um væri að ræða íbúð í venjulegu íbúðarhúsi, og enn fremur skal telja hjón eða foreldri með börn sem sérstakt heimili, þótt þau hafi ekki íbúð eða eigin matseld. Hér vísast að öðru leyti til skýringa B 5 á bls. 6. — Fólk á skipum skal telja í tvennu lagi, annars vegar áhöfn og hins vegar farþega, ef nokkrir eru.
- Manntalið tekur ekki til forstöðumanna erlendra sendiráða og fjölskyldna þeirra, og ei heldur til erlends skrifstofufólks sendiráða ásamt skylduliði. Eigi skal heldur taka á skýrslu upplýsingar um íbúð slíks fólks, heldur aðeins tilgreina nafn og starfsheiti íbúðarhafa. Á hinn bóginn skal taka á manntal allt erlent þjónustufólk hjá sendiráðum og sendiráðsstarfsmönnum, og sama gildir að sjálf-sögðu um allt íslenskt skrifstofufólk og þjónustufólk þessara aðila.
- Um manntalsskráningu varnarliðsmanna og annarra útlendinga, sem hafa sömu réttarstöðu hér á landi og þeir (sbr. 7. gr. í viðbót við varnarsamning frá 8/5 1951), gilda eftirfarandi reglur:
  - Ef þeir hafa húsnæði utan varnarsvæða Bandaríkjanna hér á landi, þá skulu þeir ávallt teknir á manntal ásamt skylduliði.
  - Ef þeir hafa ekki húsnæði utan varnarsvæða Bandaríkjanna, þá skulu þeir ásamt fjölskyldu vera undanþegnir manntalsskráningu. Þó skulu íslenskar konur þessara manna teknar á manntal, og sömu leiðis sameiginleg börn þeirra, hvort sem þau eru íslenskir eða erlendir ríkisborgarar.
  - Allir útlendingar, sem dveljast á varnarsvæði Bandaríkjanna hér á landi og eru ekki varnarliðsmenn eða með sömu réttarstöðu og þeir, skulu teknir á manntal.

## SKÝRSLA nr. ....

um húsið }  
bæinn }

(gata og húsnúmer, hús- eða bæjarheiti)

Undirnúmer:

Þessi skýrsla er nr. .... af alls ..... skýrslum um íbúa hússins (undirnúmer útfyllist aðeins, ef fleiri en ein skýrsla er gerð fyrir sama hús, en allar skýrslur hússins hafi þá sama (aðal-)skýrslunúmer).

í ..... kaupstað hreppi

í ..... sókn

Ef húsið telst til þéttbýlis utan kaupstaðar, skal tilgreina viðkomandi þorp eða kauptún hér: .....

### Leiðbeiningar um útfyllingu dálks 18, um tegund starfs.

Tegund starfs skal tilgreind sem nákvæmast í dálki 18 (og líka, ef svo ber undir, í dálkum 19 og 20 ásamt tegund vinnustaðar). Stundum nægir að tilgreina starfsheiti, en oft þarf meiri nákvæmni við: Ófullnægjandi er að rita 'skrifstofumaður', rita skal: 'bókhaldari', 'gjaldkeri', 'véritari', o. s. frv. Ekki 'verkamaður', heldur 'verkamaður við upp- og útskipun', 'verkamaður við götugerð', 'verkamaður við olíustöð', 'verkamaður í járnsmiðju', o. s. frv. Ekki 'verzlunarmaður', heldur 'afgreiðslumaður í verzlun', 'búðarstúlka', o. s. frv. Ekki 'verkakona', heldur 'hreingerningakona', 'vinnur við uppþvott'. Ekki 'vinnukona', heldur 'barnagæzla', 'eldhústörf', 'gripahirðing', o. s. frv.

## Yfirlit.

Teknir á skýrsluna:

Tala viðstaddra einstaklinga með lögheimili í húsinu .....  
Tala fjarverandi einstaklinga með lögheimili í húsinu (F) .....  
Auk þess einstaklingar með lögheimili annars staðar, en staddir í húsinu (S) ..

Karlar	Konur	Alls
.....	.....	.....
.....	.....	.....
.....	.....	.....
Alls	.....	.....

Númer teljara.....

(Dags. og undirskrift teljara)









